

Ed.

432. Frumvarp til laga

[158. mál]

um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

(Eftir 3. umr. í Nd., 25. marz.)

Samhljóða þskj. 359 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga ársins 1968 (lög nr. 85/1967) er ríkisstjórninni heimilt að lækka fjárveitingar á eftirtöldum fjárlagaliðum árið 1968 sem hér segir:

1. Stjórnarráð og risna ráðherra (liðir 1 01 101, 1 02 101, 1 03 101, 1 04 101, 1 05 101, 1 06 101, 1 07 101, 1 08 101 og 1 10 101)	Þús. kr. 2 000
2. Byggingarsjóður stjórnarráðshúss (liðir 1 01 103 og 2 01 103)	1 440
3. Viðeyjarstofa (liður 1 01 199 07)	4 000
4. Háskóli Íslands (liður 1 01 201)	575
5. Rekstur skóla (liðir 1 01 223—246, 1 01 251—292, 1 01 301—315 og 1 01 317—318)	6 600
6. Skólabyggingar (liðir 1 01 298 og 1 01 316)	5 000
7. Fræðslumálaskrifstofan, námsstjórar (liður 1 01 221 02) og fræðslustjórnin í Reykjavík (liður 1 01 323)	2 040
8. Kennaraskólinn (liður (1 01 215)	1 000

	PUS. KR.
9. Byggingarsjóður safnahúss (liðir 1 01 608 og 2 01 608)	1 000
10. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd (liður 1 01 703)	500
11. Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli (liður 1 02 103)	2 000
12. Utanríkisþjónusta (liðir 1 02 201—211)	3 000
13. Landnám ríkisins (nýbýli) (liðir 1 03 241 02 og 03)	7 500
14. Fiskmat ríkisins og ferskfiskeftirlit (liðir 1 03 311 og 1 03 313)	3 000
15. Síldarmat ríkisins (liður 1 03 312)	1 000
16. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins (liðir 1 03 322 02 og 2 03 322)	11 000
17. Fiskveiðasjóður Íslands (liður 1 03 322 05)	30 000
18. Orkustofnun og Orkusjóður (liðir 1 03 401 og 402)	4 500
19. Löggaþla (liður 1 04 142)	6 800
20. Bygging fangahúsa, ríkisfangelsa og vinnuhæla (liðir 1 04 146 03 og 50)	1 360
21. Framkvæmd laga um hægri umferð (liður 1 04 151)	18 400
22. Almannaþing (liður 1 04 153)	3 000
23. Eyðing meindýra (liður 1 04 219 02)	755
24. Prestar á Keflavíkurflugvelli og í Danmörku (liðir 1 04 501 02 og 03)	670
25. Kostnaður við skyldusparnað (liður 1 05 301 07)	5 700
26. Kostnaður við framkvæmd orlofslaga (liður 1 05 501 09)	2 450
27. Ríkisábyrgðasjóður, framlag (liðir 1 06 601 og 2 06 601)	10 000
28. Ríkisbifreiðar, framlag (liður 1 06 802)	1 000
29. Vitamál, byggingar (liður 1 07 132)	560
30. Ferðaskrifstofa ríkisins, framlag (liðir 1 07 161 og 2 07 161)	896

4. gr. hljóðar svo:

1. Ákvæði 13. gr. laga nr. 49/1967 um heimild til að veita lán af geymdum fjárveitingum vegna skólamanntvirkja skulu fjárlagaárið 1968 framkvæmd þannig, að samantlagðar greiðslur úr ríkissjóði, að lánnum meðtöldum, skulu vera 5 millj. krónum lægri en fjárveitingar 1968 að viðbættu geymdu fé frá fyrri árum og að frádregnum fyrirframgreiðslum af fjárveitingum 1968. Þá skal við gerð framkvæmdaáætlunar, sem samkv. b-lið 4. gr. laga nr. 49/1967 skal fylgja tillögum um fjárveitingar 1969, sérstaklega taka til athugunar eldri fjárveitingar til skóla barna- og unglingsstígs, sem eru ekki enn komnir á framkvæmdaáætlun og væntanlegur nemendafjöldi er minni en 30, enda hafi ekki komið til sameining hreppa í skólahverfi. Við afgreiðslu fjárlaga 1969 skal leggja fyrir Alþingi tillögur um meðferð geymdra fjárveitinga vegna slíkra skóla.
2. Við setningu reglugerðar um framkvæmd laga nr. 49/1967, um skólakostnað, skal setja ákvæði um hagkvæmt skipulag stundaskrár og aðra hagræðingu, er lækkað geti kostnað af óbreyttri þjónustu skólanna. Skólastjórar skulu, fyrir 15. apríl 1968 eða annan þann dag, er ráðuneytið ákveður, gera áætlun um nemendafjölda, fjölda reiknaðra stunda á kennslumánuði og áætlun um kostnað ríkissjóðs skólaárið 1. september 1968 — 31. ágúst 1969. Áætlanir þessar skulu endurskoðaðar af menntamálaráðuneytinu í samræmi við ákvæði skólakostnaðarlaga og reglugerðar. Eigi skal setja eða skipa kennara fyrir skólaárið 1968/69 umfram tölu fastra kennara 1967/68, fyrr en áætlun skólastjóra um kennarapörf hefur hlotið samþykki menntamálaráðuneytisins.

7. gr. hljóðar svo:

1. Fræðslumálaskrifstofan skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 35/1930, um fræðslumálastjórn, og önnur ákvæði, sem brjóta kunna í bága við þetta.
2. Fjármálaeftirlit skóla skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og breytast ákvæði IV. kafla laga nr. 49/1967, um skólakostnað, í samræmi við það, svo og önnur ákvæði, er brjóta kunna í bága við þetta.

3. Fræðslumyndasafn ríkisins skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og breytast lög nr. 54/1961 í samræmi við það, svo og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þetta.
4. Íþróttafulltrúi skal vera starfsmaður í menntamálaráðuneytinu, og breytast íþróttalög, nr. 49/1956, til samræmis við það, svo og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þetta.
5. 1 mgr. 28. gr. V. kafla laga nr. 22/1963, um almenningsbókasöfn, orðist svo: Menntamálaráðherra skipar bókafulltrúa ríkisins, og skal hann vera starfsmaður menntamálaráðuneytisins.

Skipulagsbreytingar samkvæmt grein þessari skulu koma til framkvæmda, þegar menntamálaráðherra ákveður.

9. gr. hljóðar svo:

Á eftir 17. gr. laga nr. 77/1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, komi svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Á árinu 1968 skal framlag ríkissjóðs skv. 2. tölulið 9. gr. laganna vera þriðjungur á móti 1. tölulið greinarinnar.

Framlag ríkissjóðs til Fiskveiðisjóðs Íslands skv. c-lið 4. gr. 1. frá 3. maí 1966 skal falla niður á árinu 1968.